



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT  
ÍSLANDS

# NOBU ASHKENAZY

**25. OKTÓBER**  
2018



---

# VELKOMIN

## Vinsamlegast hafið slökkt á farsímum meðan á tónleikum stendur.

Tónleikunum er streymt beint í hljóði og mynd á vef hljómsveitarinnar, [www.sinfonia.is](http://www.sinfonia.is).

Tónleikarnir eru í beinni útsendingu á Rás 1 og eru aðgengilegir á [ruv.is](http://ruv.is).

Tónleikagestir eru beðnir um að klappa aðeins í lok tónverka.

### Áætluð tímalengd tónleika:

Jökulljód: 5'

Píanókonsert: 35'

Sinfónía: 45'

Upptökur með Sinfóníuhljómsveit Íslands má finna á YouTube- og Spotify-rásum hljómsveitarinnar. Á Spotify má einnig finna lagalista með allri tónlist starfsársins.



[@icelandsymphony](https://www.instagram.com/icelandsymphony) / [#sinfó](https://twitter.com/sinfó)

Aðalstyrktaraðili:

**GAMMA**

Icelandair Hotels





# ÁVARP FORSETA ÍSLANDS

Við Íslendingar eigum margt frábært tónlistarfólk. Sinfóníuhljómsveit Íslands er flaggskip okkar á sviði klassískrar tónlistar. Aðrir hafa látið að sér kveða á öðrum sviðum. Á alþjóðavettvangi er Björk eflaust þekktust, bæði fyrir söng sinn og seiðandi tónsmíðar.

Samt verður að viðurkennast að í aldanna rás hafa Íslendingar ekki markað djúp spor í tónlistarsögu mannkyns. Við játum líka fúslega, stolt og glöð, að framfarir og þróun á sviði tónlistar eigum við að þakka samvinnu og samstarfi við velunnara að utan. Á engan mun hallað þó að Vladimir Ashkenazy sé talinn fremstur í þeirri öfluglu sveit, heimskunnur fyrir listfengi sitt, metnað og vandvirkni. Frá síðari hluta nýliðinnar aldar hefur hann tekið ríkan þátt í íslensku listalífi, bjó um árabíl með Þórunni konu sinni og fjölskyldu þeirra á Íslandi og átti drjúgan þátt í að efla og styrkja klassíska tónlist í landinu. Fyrst lék Ashkenazy einleik á píanó með Sinfóníuhljómsveit Íslands árið 1964. Nokkrum árum síðar tók hann sér tónsprotu í hönd og steig sín fyrstu skref sem hljómsveitarstjóri með Sinfóníunni. Leiðir hans og hljómsveitarinnar hafa því lengi legið saman.

Þegar Sinfóníuhljómsveitin var stofnuð árið 1950 var ekki sjálfgefið að fámennnt smáríki gæti átt hljómsveit af því tagi. Og hún varð að standa undir nafni vegna þess að næði hún því ekki væri betur heima setið en af stað farið. Sinfóníuhljómsveitin yrði að geta glatt okkur og gesti okkar hér heima á Íslandi en hún yrði líka að bera hróður þjóðarinnar víða.

Þetta hefur hljómsveitin gert. Hún hefur vaxið og dafnað og er nú komin í úrvalsflokk á heimsvísu. Á þessum tónleikum stígur japanski píanistinn Nobuyuki Tsujii á svið með hljómsveitinni. Nobu er stórstjarna í heimalandi sínu og þekktur fyrir snilli sína um víða veröld. Hér verða því enn á ný slegnir hinir þýðu tónar alþjóðlegrar samvinnu. Og síðan munu þeir einnig hljóma fjarri Íslands ströndum. Núna heyrir upptaktur, senn heldur Sinfóníuhljómsveitin í langferð austur til Japans. Ég á mér þá von og trú að hún muni gleðja tónleikagesti og efla áhuga Japana á Íslendingum, Íslandi, og tónlistarmenningu okkar.

Njótíð stundarinnar!

*Cyðmi Th. Jóhannsson*



# Á LEIÐ TIL JAPANS

**S**infóníuhljómsveit Íslands heldur í tónleikaferð til Japans 31. október með hljómsveitarstjóranum Vladimír Ashkenazy og píanistanum Nobuyuki Tsujii og er þetta í fyrsta sinn sem hljómsveitin ferðast til Asíu. Haldnir verða tólf tónleikar og leikið í flestum helstu borgum Japans, m.a. í Tókýó, Kyoto, Sapporo og Hamamatsu. Tónleikarnir fara fram í glæsilegum tónleikahöllum, en í Japan eru fjölmargar slíkar, meðal annars í Kawasaki Symphony Hall, Hamamatsu Concert Hall og Tokyo Opera City Concert Hall. Nær uppselt er á alla tónleika hljómsveitarinnar í Japan.

Dagskrá ferðarinnar er á þessa leið:

- 3. nóvember – Tónleikar í Kawasaki
- 4. nóvember – Tónleikar í Hamamatsu
- 6. nóvember – Tónleikar í Sapporo
- 8. nóvember – Tónleikar í Tókýó
- 9. nóvember – Tónleikar í Hiroshima
- 10. nóvember – Tónleikar í Fukuoka
- 11. nóvember – Tónleikar í Osaka
- 13. nóvember – Tónleikar í Nagoya
- 14. nóvember – Tónleikar í Okayama
- 16. nóvember – Tónleikar í Tókýó
- 17. nóvember – Tónleikar í Tokorozawa
- 18. nóvember – Tónleikar í Nagaoka

Í Japan flytur hljómsveitin tvær ólíkar efnisskrár sem alls hafa að geyma sex verk. Fluttar verða sífóníur nr. 2 eftir Rakhmanínov og Sibelius, píanókonserter nr. 2 eftir Rakhmanínov og Chopin, auk þess sem hljómsveitin leikur Karelía-svítu eftir Sibelius og Jökulljóð eftir Þorkel Sigurbjörnsson.

TÓNLEIKAR Í ELDBORG

# NOBU OG ASHKENAZY

---

**Vladimir Ashkenazy**

hljómveitarstjóri

---

**Nobuyuki Tsujii**

einleikari

---

---

**EFNISSKRÁ**

Porkell Sigurbjörnsson

**Jökulljóð** (1998)

Sergei Rakhmanínov

**Píanókonsert nr. 2 í c-moll, op. 18** (1901)

Moderato

Adagio sostenuto

Allegro scherzando

**Hlé**

Jean Sibelius

**Sinfónía nr. 2 í D-dúr, op. 43** (1901–02)

Allegretto

Tempo andante, ma rubato

Vivacissimo – Lento e suave –

Finale: Allegro moderato

---

For information in English about tonight's programme,  
please visit the Iceland Symphony Orchestra website:  
**[en.sinfonia.is](http://en.sinfonia.is)**

---



# VLADIMIR ASHKENAZY

## HLJÓMSVEITARSTJÓRI

**V**ladimir Ashkenazy hefur nú í ríflega sex áratugi verið í hópi fremstu píanóleikara, eða allt frá því hann komst á verðlaunapall í þremur virtustu tónlistarkeppnum heims. Hann hlaut önnur verðlaun í Chopin-keppninni í Varsjá árið 1955 og fyrstu verðlaun bæði í Queen Elisabeth-keppninni í Brussel 1956 og Tsjajkovskíj-keppninni í Moskvu 1962.

Ashkenazy á að baki glæsilegan feril í hljóðverinu. Hann hefur hljóðritað flest lykilverk píanóbókmenntanna og meðal nýlegra hljómdiska hans eru sjaldheyrð einleiksverk eftir Rakhmanínov og Diabelli-tilbrigði Beethovens. Ashkenazy hefur hlotið sex Grammy-verðlaun, m.a. sem besti einleikari með hljóm-sveit (píanókonsertar Beethovens með Georg Solti, 1974), fyrir bestu kammerhljóðritun (fiðlusónötur Beethovens með Itzhak Perlman, 1979), og besta einleiksdisk (prelúdíur og fúgur Shostakovitsj, 2000).

Ashkenazy steig sín fyrstu skref sem hljóm-sveitarstjóri með Sinfóníuhljóm-sveit Íslands árið 1972. Hann hefur verið aðal-stjórnandi hjá virtum hljóm-sveitum á borð við Konunglegu fil-harmóníusveitina í London og Tékknesku fílharmóníusveitina. Hann hefur auk þess starfað með flestum frægustu hljóm-sveitum heims sem gestastjórnandi.

Vladimir Ashkenazy er aðalheiðursstjórnandi Sinfóníuhljóm-sveitar Íslands og hefur undanfarin ár stjórnað henni í meistaraverkum tónbókmenntanna, meðal annars *Draumi Gerontiusar* eftir Elgar, *Stríðssálu* messu Britzens, Níundu sínfóníunni og *Missa solemnis* eftir Beethoven. Þá flutti hann allar sínfóníur Brahms með hljóm-sveitinni í sérstökum „Brahms-hring“ á árunum 2014–17. Í næstu viku heldur hann ásamt Sinfóníuhljóm-sveit Íslands og Nobuyuki Tsujii til Japan, þar sem haldnir verða 12 tónleikar á tveimur vikum, meðal annars í Tókýó, Hamamatsu, Hiroshima og Sapporo. Á efnisskránni þar verða verkin sem hljóma í kvöld, en einnig píanókonsert nr. 2 eftir Chopin og sínfónía nr. 2 eftir Rakhmanínov, auk Karelía-svítunnar eftir Sibelius.



---

# NOBUYUKI TSUJII

## EINLEIKARI

**J**apanski píanóleikarinn Nobuyuki Tsujii hreppti gullverðlaun í Van Cliburn-píanókeppninni árið 2009 og er í dag í hópi fremstu píanista samtímans. Hann nýtur virðingar fyrir innblásna og ástríðufulla túlkun, glæsilega tækni og litríkan tón úr slaghörpunni. Hann hefur haldið einleikstónleika í helstu tónleikasölum vestanhafs og austan, þar á meðal í New York, Washington D.C., í Boston, Vancouver, Lundúnum og Berlín.

Nobu hefur verið gestur helstu hljómsveita víða um heim, meðal þeirra er Hljómsveit Mariinsky-leikhússins í St. Pétursborg, Philharmonia Orchestra og BBC-fílharmónían í London, Konunglega fílharmóníusveitin í Liverpool og sínfóníuhljómsveitirnar í Seattle, Baltimore og Basel. Af hljómsveitarstjórum sem hann hefur unnið með má nefna Valery Gergiev, Vladimir Ashkenazy, Vladimir Spivakov, Juanjo Mena, Vasily Petrenko, Thierry Fischer og Yutaka Sado. Þá hefur Nobu komið fram með helstu hljómsveitum heimalands síns – Japönsku fílharmóníunni, NHK-sínfóníunni, Yomiuri Nippon-hljómsveitinni, Tokyo-sínfóníunni og Orchestra Ensemble Kanazawa.

Nobu hljóðritar eingöngu fyrir Avex Classics International-útgáfunna og hefur á undanförunum árum leikið þekkt verk inn á nokkrar metsöluþlötur, þar á meðal píanókonsert nr. 2 eftir Rakhmanínov með Þýsku sínfóníuhljómsveitinni í Berlín, píanókonsert nr. 1 eftir Tsjajkovskíj með Yukata Sado og BBC-fílharmóníunni og Keisarakonsert Beethovens með Orpheus-kammerhljómsveitinni. Þá leikur Nobu einleiksverk eftir Chopin, Mozart, Debussy og Liszt sem og sínar eigin tónsmíðar á nokkrum geisladiskum.

Í síðasta mánuði lék Nobu meðal annars í Carnegie Hall ásamt Orpheus-kammersveitinni og í næstu viku tekur við tveggja vikna tónleikaferð um Japan með Sínfóníuhljómsveit Íslands og Vladimir Ashkenazy.



# PORKELL SIGURBJÖRNSSON

## JÖKULLJÓÐ

**P**orkell Sigurbjörnsson (1938–2013) nam píanóleik við Tónlistarskólann í Reykjavík og fór síðan til framhaldsnáms í Bandaríkjunum þar sem tónsmíðar urðu hans aðalnámsgrein. Stundaði Porkell nám við tónlistardeildir Hamline-háskólans í Minnesota og Illinois-háskóla í Urbana-Champaign. Auk þess sótti hann námskeið í tónsmíðum í Darmstadt í Þýskalandi og Nice í Frakklandi.

Porkell var eitt af höfuðtónskáldum Íslands á 20. öldinni. Tónverkaskrá hans er fjölbreytt og tilkomumikil en hún inniheldur hljómsveitarverk, einleikskonserta, kammertónlist, óperur og sönglög auk fjölda annarra tónverka. Porkell var einnig frábær píanóleikari, mikilvirtur kennari, tónlistargagnrýnandi og dagskrárgerðarmaður. Hann var sæmdur heiðursdoktorsnafnbót við Hamline-háskólann árið 1999 og var meðlimur Konunglegu sænsku akademíunnar.

*Jökulljóð* er samið árið 1998 og ber undirtitilinn „Nótt við jökulinn“. Það er tileinkað Vladímír Ashkenazy og samið að beiðni hans. Samkvæmt frásögn Porkells var það hugsað sem eins konar systurverk *Misturs*, hljómsveitarverks sem Porkell samdi árið 1972: „Aldarfjórðungi síðar, þegar Vladímír Ashkenazy ætlaði að flytja *Mistur* í Berlín, hringdi hann og spurði, hvort ég gæti ekki hugsað mér að „gefa Místri félagi, svona 5–6 mínútur frá Íslandi“? Þannig varð þetta litla næturljóð til, svona beint frá jökulrótum.“ Verkið hefst á hæglátum tónum hörpu og klarínets en smám saman bætast fleiri hljóðfæri við. Smám saman rís verkið í styrkleika en hnígur síðan aftur til upphafsins – það eru einmitt harpa og bassaklarínnett sem eiga síðasta orðið í lokataktinum.

### TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Jökulljóð varð til að beiðni Vladímírs Ashkenazy og hann hefur meðal annars stjórnað verkinu í tónleikaferð með hljómsveitinni Fílharmóníu árið 2001. Sinfóníuhljómsveit Íslands flutti verkið fyrst á Myrkum músíkdögum 2001 undir stjórn Bernharðs Wilkinsonar, en hljóðritaði það til útgáfu á geisladiski árið 2003 og þá hélt Ashkenazy um tónsprotann. Verkið hefur einnig hljómað á Akureyri (á tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands árið 1999) og í Þýskalandi, flutt af Deutsche-Skandinavische Jugend-Philharmonie árið 2002.





# SERGEI RAKHMANÍNOV

## PIÁNÓKONSERT NR. 2

Árið 1897 hafði Sergei Rakhmanínov (1873–1943) heiminn í hendi sér. Hann var tuttugu og fjögurra ára gamall og á þeim sex árum sem liðin voru frá því að hann brautskráðist með láði frá Tónlistarháskólanum í Sankti Pétursborg hafði hann getið sér orð sem einn efnilegasti ungi tónlistarmaður Rússlands, hvort sem var sem tónskáld eða píánóleikari. En í mars þetta sama ár var fyrsta sinfónía hans var frumflutt í Moskvu og tónleikarnir tókust vægast sagt hörmulega. Hljómsveitin var illa æfð og sagt var að hljómsveitarstjórnin, tónskáldið Alexander Glazúnov, hafi verið kófdrukkin þegar hann steig á pallinn. Rakhmanínov var í tónleikasalnum en flýði burt áður en verk hans var á enda. Gagnrýnendur létu skömmunum rigna yfir varnarlausan höfundinn; tónskáldið César Cui sagði verkið helst hafa líkst „prógrammsinfóníu um tíu plágur Egyptalands“.

Það gerði skellinn enn harkalegri að Rakhmanínov hafði fram til þessa notið mikillar velgengni. Nú lagðist hann í þunglyndi, kenndi sjálfum sér um allt sem úrskaiðis hafði farið og gaf tónsmíðar upp á bátinn. Vinir Rakhmanínovs áttu bágst með að horfa upp á þrautagöngu hans og þegar öll sund virtust lokuð pöntuðu þeir handa honum tíma hjá taugasálfræðingnum Nikolai Dahl, sem var sérfræðingur í dáleiðslu. Undir handleiðslu læknisins tók Rakhmanínov skjóttum framförum. Hann átti hægara með svefn, matarlystin jókst, en það sem mest var um vert – hann fékk aftur löngun til að semja tónlist. Efst í huga hans var að semja píánókonsert og hann sagði frá því að Dahl hafi endurtekið sömu setninguna aftur og aftur í meðferðinni: „Nú munt þú byrja að semja konsertinn þinn ... þú munt semja hratt og örugglega ... konsertinn verður meistaraverk.“ „Þetta var alltaf sama orðarunan,“ sagði tónskáldið síðar. „Og þótt það hljómi ótrúlega varð hún í raun til þess að hjálpa mér af stað. Ég hóf að semja konsertinn strax þetta sama sumar – hugmyndirnar bókstaflega hrönnuðust upp.“

Í desember 1900 voru annar og þriðji þáttur konsertsins frumfluttir í Moskvu við mikinn fögnuð áheyrenda, og vorið 1901 var fyrsti þátturinn einnig fullgerður. Rakhmanínov frumflutti konsertinn í heild í nóvember sama ár og varla kemur á óvart að hann skuli hafa tileinkað verkið Dahl. Tónlistin er kraftmikil og ólgandi, en um leið tregafull og angurvær. Hafi

### TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Sautján einleikarar hafa spreytt sig á öðrum píánókonserti Rakhmanínovs með SÍ fram til þessa. Fyrst til að leika verkið á Íslandi var Tatjana Kravtchenko, í Þjóðleikhúsinu 1953. Meðal annarra einleikara má nefna Rögvald Sigurjónsson (1957, 1971 og 1979), Þorstein Gauta Sigurðsson (1978 og 1992), Cecile Licad (1986), Dmitri Alexeév (1987), Richard Simm (1997), Lukás Vondráček (2003), Olgu Kern (2009) og Evgení Kissin (2014). Síðast hljómaði konsertinn í flutningi SÍ í Hörpu fyrr á þessu ári, og þá lék Behzod Abduraimov einleikshlutverkið.

Rakhmanínov einhvern tímann tekist að sameina alla þessa eiginleika í hárréttum hlutföllum hlýtur það að vera í þessu verki, því konsertinn er vinsælastur þeirra fjögurra sem hann samdi um ævina og að líkindum mest leikni píanókonsert 20. aldarinnar.

Þó gætir Rakhmanínov þess að gefa ekki of mikið upp strax í upphafi. Konsertinn hefst ofurveikt, á brotnum hljófum í píanóinu sem hljóma eins og upphitun fyrir það sem á eftir kemur. Þegar tregablandin laglínar heyrast fyrst er hún leikin af fiðlum meðan píanistinn bregður sér í hlutverk undirleikarans. Brátt kemst þó á jafnræði með hljómsveit og sólista sem ýmist leikur kraftmikla hljóma eða undurfagrar laglínur með safaríkum undirleik. Annar kaflinn er blíður og ljóðrænn og hefst með stafi í flautu og klarínettu sem síðan er þróað áfram í píanói og strengjum. Síðasti þátturinn er hraður og einleikarinn sprettur fram með miklu skalafúru sem smám saman tekur á sig fastari mynd og verður að stafi. Laglínurnar og stefin þjóta hjá í þessum tápmikla kafla; sum staldra við lengur en önnur og jafnvel hæglát angurværðin snýr aftur þegar minnst varir.



---

## JEAN SIBELIUS

### SINFÓNÍA NR. 2

**J**ean Sibelius (1865–1957) var illa á sig kominn síðla árs 1900. Yngsta dóttir hans var nýlátin úr taugaveiki, hjónabandið stóð á brauðfötum og hann reykti og drakk langt fram úr hófi. Það var góðvinur hans að nafni Axel Carpelan sem greip í taumana: „Þú verður að fara til Ítalíu! Þú manst hversu góð áhrif það hafði á Strauss og Tsjajkovskíj að dveljast þar!“ Carpelan skrapaði saman 5000 finnskum mörkum og sendi Sibelius suður á bóginn. Listræni árangurinn lét heldur ekki á sér standa. Þegar Sibelius sneri aftur norður á bóginn eftir nokkurra mánaða dvöl í Rapallo, skammt suður af Genóa, hafði hann í farteskinu drög að nýrri símfóníu.

Sibelius var þjóðlegt tónskáld og mörg verka hans byggja á finnskum þjóðararfi. Þó varaði hann hlustendur við því að leita um of eftir þjóðernislegu inntaki í símfóníum sínum. Í viðtali árið 1934 sagði hann: „Símfóníur mínar eru hugsaðar eingöngu út frá tónlistinni sjálfri. Símfónía á að vera tónlist fyrst og síðast.“ Þó hafa ýmsir viljað halda því fram að önnur símfónía Sibelíusar hafi undirtón áróðurs fyrir sjálfstæði Finnlands – til dæmis hljómsveitarstjórnir Georg Schnéevoigt og Robert Kajanus, sem þóttist greina „tregablandin mótmæli“ í hæga kaflanum

og „upplífandi sigur“ í lokaþættinum. Aðrir heyra ávæning af finnsku landslagi í tónlist Sibeliusar þótt örðugt sé að skilgreina nánar í hverju hið „norræna“ í tónlist hans felst.

Framvindan í tónlist Sibeliusar er um margt ólík því sem heyra má í hinni þýsk-austurrísku sinfóníuhéð. Fyrsti kafli sinfóníunnar er ágætt dæmi. Það er almenn venja í sinfóníum og öðrum verkum í sönötuformi að hefja leik með breiðum og eftirminnilegum stefnum sem síðan eru bútuð niður í smærri einingar þegar líður á verkið. Sibelius fer þveröfugt að. Hann kynnir fyrst til sögunnar litla stefnumóta – endurtekná hljóma í strengjum, blítt og dansandi stef í óbóum og klarínettum, hádramatískt fiðlustef, veikt strengjaplokk, o.s.frv. Samhengið er ekki alltaf auðheyrð en eftir því sem líður á kaflann verða hendingar lengri, tengingar skýrari, flæðið betra. Sjálfur lýsti Sibelius tónsmíðaaðferð sinni svo: „Það er eins og sjálft almættið hafi fleygt niður mósaíkbútum af gólfi himnaríkis og sagt mér að púsla þeim saman.“

Annar kafli hefst á pákuslætti og plokkuðu stafi í kontrabössum og sellóum. Ekki líður á löngu þar til leikurinn æsist til muna, strengir og blásarar kallast á og tónlistin nær tilþrifamiklum hápunkti áður en allt dettur aftur í dúnalogn. Í þrjá takta ríkir ólýsanleg kyrrð, með undurblíðum en þykkum strengja-hljómum, en þá fer allt af stað á ný. Úrvinnslan einkennist af iðandi skólum og trillum sem Sibelius notar oft í tónlist sinni – stefin hreyfast varla úr stað en eru samt full af orku. Tónlistin verður bútakenndari eftir því sem á líður – hér er þróunin öfug við þá sem knúði áfram fyrsta þátt verksins.

Scherzóið hefst á öðru suðandi stafi í fiðlum sem virðist keyra allt í kaf sem á vegi þess verður. Kaflinn æðir áfram á fleygiferð þar til kemur að hægari millikafli, en þegar scherzóið snýr aftur stefnir það í aðra átt en áður. Kaflinn rennur saman við lokaþáttinn þar sem kennir ýmissa grasa. Tignarlegt aðalstefið er þó mjög í forgrunni og gefur tónlistinni mikilfenglegan blæ.

*Árni Heimir Ingólfsson*

---

## TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Önnur sinfónía Sibeliusar nýtur mikilla vinsælda og hefur Sí leikið hana oft en nokkra aðra sinfóníu tónskáldsins. Meðal þeirra sem haldið hafa um tónsprotann eru Jussi Jalas, sem var tengdasonur Sibeliusar (1950 og 1974), Jóhann Tryggvason (tengdafaðir Ashkenazys, 1955), Karsten Andersen (1976), Osmo Vänskä (1996, m.a. á tónleikum í Carnegie Hall), Petri Sakari (1997 og 2008), Yuri Temirkanov (2000) og Yan Pascal Tortelier (í Reykjavík og Gautaborg 2016).

## JÓL OG ÁRAMÓT MED SINFÓNÍUNNI



FIM **06** DES 19:30

### AÐVENTUTÓNLEIKAR

## BACH, RAMEAU OG MOZART

Á aðventutónleikunum Sinfóníuhljómsveitarinnar hljómar „óperu-ballettinn“ *Les indes galantes* eftir Rameau þar sem brugðið er upp ævintýrlegum myndum úr Indíalöndum, *Brandenborgarkonsert* nr. 2 eftir Bach þar sem Baldvin Oddsson, Hallfríður Ólafsdóttir, Felicia Greciuc og Nicola Lolli fara með einleikshlutverkin og *Prag*-sinfónía Mozarts sem hann samdi á hátindi ferils síns. Hljómsveitarstjóri er Dirk Vermeulen sem nýtur virðingar víða um heim fyrir innblásna túlkun sína á tónlist 17. og 18. aldar.



LA **15** DES 14:00 SUN **16** DES 16:00

### JÓLATÓNLEIKAR SINFÓNÍUNNAR

Jólatónleikar Sinfóníuhljómsveitar Íslands hafa um árabil verið hluti af hinum hefðbundna jólaundirbúningi hjá mörgum tónleikagestum. Á þessum hátíðlegu fjölskyldutónleikum verður skyggst inn í íslensku baðstofuna þar sem gömlu jólasveinarnir og jólakötturinn hafa hreiðrað um sig. Dansarar úr Listdansskóla Íslands, Stúlknaðr Reykjavíkur og Litlu sprotarnir flytja sígilda jólasöngva ásamt Valgerði Guðnadóttur og Kolbrúnu Völkudóttur, ungum lúðraþeyturum og Bjöllumuk Tónlistarskóla Reykjanesbæjar. Trúðurinn Barbara kynnir og hljómsveitarstjóri er Bernharður Wilkinson. Tónleikarnir eru túlkaðir á táknmáli.



FIM **10** JAN FÖS **11** JAN LAU **12** JAN 2019

### VÍNARTÓNLEIKAR

Á glæsilegum Vínartónleikum Sinfóníuhljómsveitarinnar prýða nokkur af djásnum valsakónsins Johanns Strauss efnisskrána sem hefst venju samkvæmt á forleiknum að Leðurblökunni og lýkur á Dónárvalsinum. Dansarar stíga einnig á svið og ljá tónleikunum einstakan hátíðarblæ. Einsöngvarar á Vínartónleikunum eru Hrafnhildur Árnadóttir Hafstað og Sveinn Dúa Hjörleifsson og hljómsveitarstjóri hinn danski Christian Kluxen. Ekki missa af þessum vinsælustu tónleikum sveitarinnar.

# SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

25. OKTÓBER 2018

## 1. FIÐLA

Nicola Lolli  
Sigrún Eðvaldsdóttir  
Vera Panitch  
Una Sveinbjarnardóttir  
Andrzej Kleina  
Hildigunnur Halldórsdóttir  
Laura Liu  
Zbigniew Dubik  
Pálína Árnadóttir  
Lin Wei  
Margrét Kristjánsdóttir  
Laufey Jensdóttir  
Rósa Hrund Guðmundsdóttir  
Bryndís Pálsdóttir  
Júlíana Elín Kjartansdóttir  
Helga Þóra Björgvinsdóttir

## 2. FIÐLA

Joaquín Páll Palomares  
Peter Andreas Nielsen  
Greta Guðnadóttir  
Gróa Margrét Valdimarsdóttir  
Gunnhildur Daðadóttir  
Margrét Þorsteinsdóttir  
Ólöf Þorvarðsdóttir  
Christian Diethard  
Sigurlaug Eðvaldsdóttir  
Þórdís Stross  
Kristján Matthíasson  
Dóra Björgvinsdóttir  
Hlín Erlendsdóttir  
Roland Hartwell

## VÍÓLA

Pórunn Ósk Marinósdóttir  
Svava Bernharðsdóttir  
Sarah Buckley  
Eyjólfur Bjarni Alfreðsson  
Guðrún Þórarinsdóttir  
Þórarinn Már Baldursson  
Herdís Anna Jónsdóttir  
Kathryn Harrison  
Vigdís Másdóttir  
Ásdís Hildur Runólfssdóttir  
Guðrún Hrund Harðardóttir  
Margrét Hjaltested

## SELLÓ

Sigurgeir Agnarsson  
Hrafnkell Orri Egilsson  
Bryndís Halla Gylfadóttir  
Guðný Jónasdóttir  
Bryndís Björgvinsdóttir  
Sigurður Bjarki Gunnarsson  
Margrét Árnadóttir  
Steiney Sigurðardóttir  
Jan Bastiaan Neven  
Ólöf Sigursveinsdóttir

## BASSI

Hávarður Tryggvason  
Valur Pálsson  
Páll Hannesson  
Gunnlaugur Torfi Stefánsson  
Jacek Karwan  
Richard Korn  
Þórir Jóhannsson  
Borgar Magnason

## FLAUTA

Hallfríður Ólafsdóttir  
Áshildur Haraldsdóttir  
Martial Nardeau

## ÓBÓ

Julia Hantschel  
Clara Pérez Sedano  
Peter Tompkins

## KLARÍNETT

Arngunnur Árnadóttir  
Grimur Helgason  
Rúnar Óskarsson

## FAGOTT

Briánn Ingason  
Bryndís Þórsdóttir

## HORN

Stefán Jón Bernharðsson  
Asbjörn Bruun  
Emil Friðfinnsson  
Joseph Ognibene  
Frank Hammarin

## TROMPET

Einar Jónsson  
Eiríkur Örn Pálsson  
Guðmundur Hafsteinsson  
Kasper Knudsen

## BÁSÚNA

Sigurður Þorbergsson  
Oddur Björnsson  
David Bobroff, bassabásúna

## TÚBA

Nimrod Ron

## PÁKUR

Eggert Pálsson

## SLAGVERK

Steeff van Oosterhout  
Frank Aarnink  
Kjartan Guðnason

Yan Pascal Tortelier *aðalhljómsveitarstjóri*

Vladimir Ashkenazy *aðalheiðursstjórnandi*

Osmo Vänskä *heiðursstjórnandi*

Bjarni Frimann Bjarnason *aðstoðarhljómsveitarstjóri*

Anna Þorvaldsdóttir *staðartónskáld*

Arna Kristín Einarisdóttir *framkvæmdastjóri*

Árni Heimir Ingólfsson *listrænn ráðgjafi*

Margrét Sigurðsson *fjármálafulltrúi*

Grimur Grímsson *sviðsstjóri*

Anna Sigurbjörnsdóttir *tónleikastjóri*

Hjördís Ástráðsdóttir *fræðslustjóri*

Kristbjörg Clausen *nótna- og skjalavörður*

Sigþór J. Guðmundsson *sviðsstjóri*

Margrét Ragnarsdóttir *markaðs- og kynningarstjóri*

Jökull Torfason *markaðsfulltrúi*

Una Eyþórsdóttir *mannauðsstjóri*

Larissa Weidler *umsjónarmaður nótna*



## Baksviðs með Sinfóníuhljómsveit Íslands

Sigrún Eðvaldsdóttir, 1. konsertmeistari, og systir hennar, Sigurlaug Eðvaldsdóttir, eru hluti af fiðlusveitinni.

**Sigrún:** Auðvitað þykir okkur rosalega vænt um fiðluna en þetta er líka stundum svolítið erfitt samband. Hljóðfærið er oft **harður húsbóndi**. **Sigurlaug:** Einmitt, en samt er gott samband við góða fiðlu eins og gott ástarsamband, það svarar allt svo vel.

Við vitum öll hvað það merkir að stilla saman strengi, en í starfi Sinfóníuhljómsveitar Íslands er orðtakið notað í bókstaflegri merkingu og í raun er fátt nauðsynlegra. Fagmennska er leiðarstef í öllu starfi hljómsveitarinnar.

Sigrún Eðvaldsdóttir er ástríðufullur tónlistarmaður sem gefur allt í flutninginn á milli þess sem hún leikur angurvært á fiðluna. Sigrún hefur leikið víða um lönd og náið góðum árangri í alþjóðlegum fiðlukeppnum. Eldri systir Sigrúnar, Sigurlaug Eðvaldsdóttir, hefur kennt þeirri yngri allt sem hún kann. Framhaldsnám í fiðluleik

stunduðu þær báðar fyrir vestan haf, Sigurlaug í New York við Manhattan School of Music en Sigrún við hinn sögufræga Curtis-tónlistarháskóla í Philadelphiu.

Fiðlan ber oftar en ekki uppi laglínur tónbókmenntanna, getur fengið hárin til að rísa og á hug þeirra systra allan.



GAMMA er aðalstyrktaraðili Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Við erum stolt af samstarfi okkar við hljómsveitina og ánægð með að geta tekið höndum saman með ástríðufullu fagfólki um þetta mikilvæga starf.

**GAMMA**

[www.gamma.is](http://www.gamma.is)





SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT  
ÍSLANDS

**11. DES** 19:30  
**BÍÓTÓNLEIKAR**



# SÍÐASTI BÆRINN Í DALNUM

**P**essi fyrsta leikna kvikmynd Óskars Gíslasonar var frumsýnd árið 1950 og naut fádæma vinsælda. Tónlistina samdi Jórunn Viðar og var þetta fyrsta kvikmyndatónlist sem samin var á Íslandi við mynd í fullri lengd. Í tilefni af aldarafmæli Jórunnar, sem fæddist 7. desember 1918, verður myndin sýnd við lífandi hljóðfæraleik Sinfóníuhljómsveitar Íslands.

Sinfóníuhljómsveit Íslands

Bjarni Frímenn Bjarnason  
hljómsveitarstjóri

Jórunn Viðar / Óskar Gíslason  
Síðasti bærinn í dalnum

Samstarfsverkefni Kvikmyndasafns  
Íslands og SÍ.

**TRYGGÐU ÞÉR SÆTI** SINFONIA.IS

Miðasala í Hörpu  
sinfonia.is  
harpa.is  
528 50 50



@icelandsymphony / #sinfó

Aðalstyrktaraðili:  
GAMMA